

Umhverfis- og Orkustofnun
Sóley Bjarnadóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Hafnarfirði, 18.12.2025
MFRI: 2025-12-0575

Efni: Umsagnarbeiðni - varp í hafið suðaustur af Þorlákshöfn

Vísað er til erindis Umhverfis- og orkustofnunar dags. 1. desember 2025. Þar óskar stofnunin eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar, í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, um erindi Þorlákshafnar þar sem óskað er eftir leyfi til að fá að varpa allt að 140.000 m³ af dýpkunarefni í hafið.

Fyrirhugaður losunarstaður í hafið er 1,5 sjómílu suðaustur af höfninni, á 40 m dýpi og er losunarstaðurinn er um 25.000 m². Skv. fylgigögnum hefur losunarstaðurinn áður verið notaður vegna dýpkana sem gerðar hafa verið við Þorlákshöfn.

Fylgja erindinu gögn um botndýralíf svæðisins sem varpið fer fram á, upplýsingar um efnainnihald efnis, upplýsingar um fyrri losunarframkvæmdir, og uppdrættir af svæðinu.

Á losunarsvæðinu er sandur og talverð hreyfing á sandi og öðru setefni á botni vegna hafstrauma.

Hafrannsóknastofnun telur að losun efnisins í samræmi við framkvæmdalýsingu muni ekki hafa teljandi neikvæð áhrif á umhverfi og vistkerfi svæðisins. Jafnframt mun framkvæmdin ekki hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlotsins um gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand.

Niðurstaða

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Hrönn Egilsdóttir

Sviðstjóri Umhverfissviðs